

Úrgangalist í Menntaskólanum á Tröllaskaga



Lokaskýrsla vegna þróunarstyrks úr Sprotasjóði skólaárið 2010–2011

Efnisyfirlit

Úrgangslist.....	3
Markmið verkefnis	3
MYL2C05 Úrgangslist.....	3
Kennslufyrirkomulag - kennsluaðferðir.....	5
Endurnýting og sköpun varð skólastíll.....	8
Hvernig tókst til?	9
Þýðing verkefnis fyrir skólann, nemendur og samfélagið	16

Úrgangslist

Markmið verkefnis


Markmið verkefnisins var að nemendur

- sköpuðu list úr úrgangi
- kynntust hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- efldu tengsl við grenndarsamfélagið út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar
- ynnu með efni sem alla jafnan er hent og gæfu því nýtt líf þannig að nemendur og samfélagið í heild kynntust því að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er
- byggju til raunveruleg verðmæti
- sköpuðu hringrás efnis í stað förgunar þess
- fengju skilning á því að hringrás efnis dregur úr frumvinnslu hráefnis.

MYL2C05 Úrgangslist

Með þessi markmið að leiðarljósi var áfanginn MYL2C05 settur upp til þess að opna fyrir sköpunarkraft nemenda og gera þá óhrædda við að prófa, framkvæma og þroa hugmyndir sínar án þess að hræðast útkomuna.

Áhersla var lögð á hugmynda- og tilraunavinnu þar sem unnið var í og með ólík efni og miðla. Unnið var með efni sem alla jafnan er hent og því gefið nýtt líf. Þannig kynntust nemendur því að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er.



Nemandi vinnur málverk á umbúðir sem komu utan um húsgögn skólans.

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli í Ólafsfirði sem hóf starf sitt haustið 2010 og starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla sem gefur aukið svigrúm í námsvali til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs. Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Einkunnarorð skólans eru: **Frumkvæði – sköpun – áræði**

Þessi einkunnarorð voru í hávegum höfð þegar nemendur hófu vinnu sína við úrganglistaráfangann.



„Stórasta land i heimi“ Verk eftir nemanda unnið á tréplötu úr brennuhaug og úr útrunnu haframjöli úr verslun Samkaupa Úrvals.

Kennslufyrirkomulag - kennsluaðferðir

Nemendur unnu jöfnum höndum inni í skólastofunni, í grenndarsamféluginu, úti í náttúrunni auk þess að fara í vettvangsferðir á sýningar og í heimsóknir á vinnustofur starfandi listamanna. Nemendur unnu undir leiðsögn kennara eftir námsáætlun sem sett var upp í Moodle sem er kennslukerfi Menntaskólans á Tröllaskaga. Allar upplýsingar um verkefni eru í Moodle. Önninni var skipt í 2 lotur og nemendur fengu miðsvetrareinkunn eftir fyrri lotuna og í lok áfangans stóðu nemendur fyrir opinberri sýningu þar sem samfélagið fékk að njóta afraksturs vinnu nemenda.



Nemendur setja upp sýningu í sýningarsal Ráðhúss Siglufjarðar.



Sýning í Menntaskólanum á Tröllaskaga en mikill fjöldi fólks mætti á opnunardag og þá viku sem sýningin stóð yfir.




Jafnt ungir sem aldnir létu sjá sig og vakti sýningin mikla og jákvæða athygli í samféluginu.


Í nýum skóla er mikilvægt að starfsmenn og nemendur hafi frumkvæði til að efla skólann og skapa honum sess. Sköpun er grunnþáttur og var frá upphafi lögð mikil áhersla á listir og menningu í skólastarfinu. Sköpun einskorðast þó ekki við slika þætti heldur er hvatt til þess að skapandi hugsun sé leiðarljós í öllu námi í skólanum.

Endurnýting og sköpun varð skólastíll

Þessi hugsun sem fór í gang með verkefninu smitaðist yfir í aðrar greinar í skólanum og fór svo að lítið sem ekkert var keypt af striga eða pappír til þess að mála á. Nemendur settu ævinlega spurningarmerki við kaup á efnum og horfðu frekar til þess að endurnýta efni og gefa þeim nýtt líf.



Málverk úr portrettmálunaráfanga sem unnin eru á pappír frá skurðstofu Sjúkrahúss Akureyrar. Þessum pappír er oftast nær hent vegna þess hvernig hann er meðhöndlaður og óendurnýtanlegur en fékk nýtt líf hjá myndlistarnemum Menntaskólans á Tröllaskaga.



Hvernig tókst til?

Lokamarkmið úrgangslistaráfangans voru að nemendur hefðu aflað sér almennar
þekkingar og skilnings á


- að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er
- að hægt er að skapa raunveruleg verðmæti úr úrgangi
- „konsept“ hugsun
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum sinnar listgreinar
- skapandi hugsun og hugflæði
- hugmyndafræði sjálfbærar þróunar
- mismunandi nálgun listamanna við listsköpun
- að miðla listsköpun sinni með því að tjá sig um hana og sýna
- að þroa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- að meta eigið vinnuframlag



Lampi, unninn úr gosflöskutöppum sem teknir voru af flöskum nemenda í skólanum.

Nemendur áttu að hafa öðlast leikni í að

- beita skapandi hugsun
- sjá möguleika í úrgangi sem öllu jafnan er hent og gefa nýtt hlutverk
- tjá sig um eigin sköpun
- beita mismunandi miðlunarleiðum í listsköpun sinni
- nýta sér hugarflæði í hugmyndavinnu
- leysa úr viðfangsefnum, einn eða í samstarfi við aðra
- skiptast á skoðunum og setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum.



Íslenska krónan

Nemendur áttu að geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem þeir höfðu aflað sér til að

- vera skapandi í hugsun
- skapa list úr úrgangi
- vera meðvitaðir um menningarlegt hlutverk listsþópunar
- fullvinna hugmyndir undir leiðsögn kennara
- tjá sig hiklaust um eigin sköpun við aðra viðmælendur
- að skapa eign verk byggð á eiginn listrænum styrk undir leiðsögn kennara
- skilgreina eigin verk
- standa að sýningu þar sem þeir miðla listrænum styrk sínum
- kynna eigin verk og geta brugðist við og tjáð skoðanir sínar um verk annarra
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum við ólíka viðmælendur
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag.




Nemendur að störfum í myndlistarstofu.



Nemandi undirbýr umbúðir sem stólar nemenda voru innpakkaðir í.





Nemendur smiðuðu sína eigin ramma ír spýtum ír gömlum vörubrettum og strekktu sinn eiginn striga sem þeir grunnuðu og unnu úr húsgagnaumbúðunum.

Þetta var tilvalið verkefni til þess að virkja frumkvæði, sköpun og áræðni nemenda og **hlúa að ábyrgðartilfinningu þeirra gagnvart umhverfinu og nærsamféluginu**. Verkefnið er þess eðlis að hvatt var til samstarfs milli stofnana, sérstaklega innan sveitarfélagsins.

Framkvæmdin birtist í samvinnu skóla og annarra stofnana samfélagsins. Nemendur voru strax í upphafi virkir í því að útvega sér hráefni til listsköpunar og voru duglegir í því að útvega sér efnivið hjá stofnunum og fyritækjum í nærsamféluginu. Þannig var hægt að gefa hlutum sem venjulega hefði verið hent nýtt hlutverk í gegnum myndlistina. Með því að endurvinna efnin í myndlist voru hráefnin nýtt aftur og búin til hringrás hráefna.

Eftirfarandi markmið sem stefnt var að náðust

Að nemendur

- *skapi list úr úrgangi.*

Mælikvarði: Listsýning með listaverkum nemenda (afurðum), einhver þeirra fái fastan sess í skólanum og/eða samféluginu.

- *kynnist hugmyndafræði sjálfbærrar próunar.*

Mælikvarði: Með því að endurvinna efnin í myndlist voru efnin endurnýtt og búin til hringrás hráefna.

- *efli tengsl við grenndarsamfélagið út frá hugmyndafræði sjálfbærrar próunar.*

Mælikvarði: Nemendur höfðu samskipti við starfsmenn sveitarfélagsins við öflun efnis og útfærslu og gáfu íbúum tækifæri til að skoða afurðir sínar.

- *vinni með efni sem alla jafnan er hent og gefa þeim nýtt líf þannig að nemendur og samfélagið í heild kynnast því að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er.*

Mælikvarði: Nemendur unnu listaverk úr hlutum sem alla jafnan var hent í samféluginu og lokaafurðin/listaverkið var til sýnis á listsýningu nemenda. Þannig

fengu nemendur og samfélagið nýja sýn á efnisnotkun og hversu langt það er hægt að teygja myndlistarhugtakið.

- *búi til raunveruleg verðmæti.*

Mælikvarði: Listaverkin sem urðu til í ferlinu eru hin raunverulegu verðmæti.

- *skapi hringrás efnis í stað förgunar þess.*

Mælikvarði: Nemendur nýttu úrgang úr efni sem átti að farga.

- *fái skilning á því að hringrás efnis dregur úr frumvinnslu hráefna.*

Mælikvarði: Nemendur fundu greinilega fyrir því hversu mikill munur það var að kaupa sér nýjan efnivið til þess að vinna á og að endurnýja efnivið sem fyrir var í samfélagini.



Eggjaskurn frá veitingastað og gamlar ljósaperur.

Pýðing verkefnis fyrir skólann, nemendur og samfélagið

Verkefninu var ætlað að **styðja við sjálfbæra þróun og efla ábyrgð** á sameiginlegri framtíð okkar. Vinnan í skólanum byggðist á því **að efla þekkingu** nemenda í gegnum nám og kennslu, val á viðfangsefnum o.fl. Verkefnið opnaði einnig augu nemenda og samfélagsins fyrir möguleikum myndlistar og þeirri staðreynd að myndlist er hægt að vinna úr hvaða hráefni sem er og í hvaða miðli sem er. Framkvæmdin á verkefninu setti bæði nemendur og samfélagið í aðstæður sem auðveldaði þeim að byggja upp þekkingu, t.d. um myndlist, náttúruauðlindir og sjálfbæra þróun. Önnur forsenda var að **hvetja til virðingar** fyrir náttúru og samféluginu sem við búum í. Þriðja forsendan, **að hlúa að ábyrgðartilfinningu** og hvetja til samstarfs milli stofnana, sérstaklega innan sveitarfélagsins á hverjum stað, vísar í það sem fer fram í nærumhverfinu. Framkvæmdin birtist í samvinnu skóla og annarra stofnana samfélagsins.

Verkefnið varð til þess að efla tengsl skólans og grenndarsamfélagsins og opnaði augu nemenda og starfsfólks fyrir möguleikum efniviðs sem alla jafnan var fleygt og engin not voru talin fyrir. Breytingar á starfi skólans hafa verið þær að endurnýting og endurvinnsla hafa orðið stærri þáttur í starfsemi skólans sem hefur smitast yfir í aðrar kennslugreinar í skólanum. Kostnaður vegna efniskaupa hefur lækkað til muna og fyrirtæki í sveitarféluginu hafa skólann í huga þegar farga á hinum ýmsu efnum og þau öðlast svo nýtt lif í meðhöndlun nemenda. Þátttaka nemenda í verkefninu hefur einnig skilað sér inn á heimilin í samféluginu og hafa nemendur mætt með efnivið að heiman og gefið honum nýtt hlutverk í skólanum, efni sem annars hefði endað á sorphaugum. Þessi fjölpættu áhrif skiliðu sér í aukinni umhverfisvitund auk þess sem fagurfræðileg upplifun nemenda skólans víkkaði.



Mikill fjöldi mætti á sýningu nemenda.

Stjórn verkefnisins

Bergþór Morthens, bæjarlistamaður Fjallabyggðar, sem jafnframt er framhaldsskólakennari að mennt stýrði verkefninu.

Mat á verkefninu


Í úrgangsstílinni var viðhaft símat alla önnina og námsmat byggði á mælikvörðum sem settir hafa verið fram hér að ofan þar sem eftirfarandi var haft í huga

- hæfni til að þróa og túlka hugmynd
- frumkvæði við útfærslu hugmyndar
- tæknileg færni í meðferð miðla
- getu til persónulegrar útfærslu í margskonar efnivið
- virkni nemenda við sköpun listaverks (iðjusemi).

Hvernig var staðið að miðlun á afrakstri verkefnisins?

Haldin var listsýning með verkum nemenda þar sem þeir sögðu gestum frá vinnu sinni og útskýrðu verkin. Einnig var efninu miðlað á vef skólans auk þess sem fjölmíðlar á svæðinu fjölluðu um verkefnið.

Ólafsfirði 10. janúar 2012



Verkefnisstjóri



Skólastjóri ábyrgðarskóla